



Reykjavík, 21. júlí 2022

Umsögn um breytingu á reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar drög að breytingu á reglugerð um hvalveiðar. Í reglugerðinni er kveðið á um að skipstjórar hvalveiðiskipa tilnefni dýravelferðarfulltrúa úr áhöfn sem skal bera ábyrgð á því að gætt sé að velferð hvala við veiðar á honum. Slíkir fulltrúar skuli sækja námskeið sem samþykkt er af Matvælastofnun. Þá skuli þeir safna gögnum um veiðarnar og taka upp á myndband sem skuli afhenda eftirlitsdýralækni. SFS vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Það er álit samtakanna að reglugerðardrögin skorti fullnægjandi lagastoð. Af lögmætisreglunni leiðir að allar reglugerðir og breytingar á þeim verða að eiga sér stoð í lögum og mega ekki vera í andstöðu við lög. Sérstaklega ríkar kröfur eru gerðar til skýrleika lagastoðar ef ákvæði reglugerðar eru íþyngjandi fyrir borgarana og um er að ræða mikilsverða hagsmuni þeirra. Í því samhengi verður að hafa í huga að með fyrirhugaðri reglugerðarbreytingu stendur til að leggja víðtækar og íþyngjandi skyldur á herðar dýravelferðarfulltrúa að viðlagðri refsiaþbyrgð.

Samkvæmt 2. gr. fyrirliggjandi reglugerðardruga sækja breytingarnar stoð í 21. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Í 21. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra segir að „*að ráðherra geti sett nánari ákvæði hverjir megi aflífa dýr og hvernig skal staðið að aflífun og bann við tilteknum aðferðum við aflífun*“. Í ljósi krafna sem gera verður til skýrleika lagastoðar, vegna íþyngjandi reglugerðarbreytinga, er það mat samtakanna að samkvæmt orðanna hljóðan rúmum fyrirhugað hlutverk dýravelferðarfulltrúa ekki innan reglugerðarheimildar 21. gr. laganna.

Þá benda samtökin jafnframt á að með fyrirhugaðri reglugerðarbreytingu er gengið inn á lögbundið eftirlitshlutverk hins opinbera, sbr. 4. gr. laga um velferð dýra, 1. mgr. 6. gr. laga um hvalveiðar og 10. gr. reglugerðar um hvalveiðar. Engin heimild er fyrir því í tilvitnuðum lögum að fela öðrum en opinberum eftirlitsaðilum eftirlit með hvalveiðum.

Auk framangreinds telja samtökin fyrirliggjandi drög ekki nægjanlega skýr um hlutverk dýravelferðarfulltrúa og í hverju ábyrgð hans felst. Í því skyni vakna til dæmis spurningar um hvernig fyrirhuguð ábyrgð dýravelferðarfulltrúa fellur að ákvæði 13. gr. núgildandi reglugerðar um hvalveiðar. Þar segir að skipstjórar hvalveiðiskipa ásamt útgerðarmönnum skuli sameiginlega bera ábyrgð á því að ekki sé brotið gegn ákvæðum reglugerðarinnar og að skilyrði leyfis séu haldin. Að mati samtakanna verður að tilgreina þessi atriði með nánari hætti enda er um að ræða íþyngjandi skyldur sem rétt er taka af allan vafa um.

Eitt af hlutveikum dýravelferðarfulltrúa verður að safna gögnum um veiðarnar og mynda þær á myndband. Samtökin benda á að brýnt sé að huga að persónuverndarsjónarmiðum og þá þarf að liggja fyrir hvernig vöktunin á að fara fram. Samkvæmt persónuverndarlöggjöf er víðtækt eftirlit aðeins réttlæt看legt ef ekki sé unnt að ná markmiði vöktunar með vægari úrræðum. Að mati

samtakanna er nauðsynlegt að tilgreina með nákvæmari hætti hvaða upplýsingum á að safna og hvernig notkun gagna verði háttað. Og hvernig stjórnvöld ætli sér að meðhöndla upplýsingarnar í reynd og hver sé ábyrgðaraðili á gögnunum.

* * *

Það er mat samtakanna að með fyrirhugaðri reglugerðarbreytingu séu lagðar á áhöfn og dýravelferðarfulltrúa verulega íþyngjandi skyldur án þess að fyrir liggja viðunandi lagastoð eða viðhlítandi rök. Að mati samtakanna er hægt að ná sömu markmiðum og reglugerðinni er ætlað að ná með öðrum og vægari hætti. Stjórnvöld geta gripið til eftirlitsheimilda sem tryggðar eru í núgildandi lögum um hvalveiðar og velferð dýra til að ganga úr skugga um að gætt sé að velferð hvala.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Heiðmar Guðmundsson